Hr. Pastor Björn Benediktsjón

Af vidlagdri adalskírsln hins Norræna Fornfræda Fèlags, er vèr hèrmed pènnustusamligast leyfum oss ad senda Ydr ókeypis, vonum vèr þèr med gledi sjáid bædi framkvæmd þess og fyrirtæki, sídan þad hófst, eigi einasta ad því leiti, sem þad hefir nú af hendi leyst og útgefid, samkvæmt adalaugnamidi sínu, 8 sögubindini af höfudtexta og útleggíngum, heldr og líka grundvallad framtídar atburdi sína á þann hátt, ad þad hefir fengid í flokk sinn allmarga af födurlands vors merkustu og lærdustu embættismönnum, sem draga munu taum þess og árliga styrkja þad med peníngagjöfum; hefir fèlagid med því móti þegar safnad sèr nokkrum peníngastofni, sem von er um ad árliga aukist, eptir því, sem fleiri vildarmenn og fèlagar bætast, en allt skal mida til þess eina, ad stadfesta og efla fèlagsins athafnir. Þá lýsir skírslan því einnig, ad atburdir fèlagsins hafa í Utlöndum áunnid sèr lærdra manna álits, og má þar koma, ad eigi verdi bókmentir Íslendínga midr þjódkunnar, enn ádr var hreysti þeirra og drengskapr.

Þannig hefir fèlagid byrjad athafnir sínar og lagt grundvöll sinnar komandi framkvæmdar; eins og nú Íslendíngar yfir höfud, og þèr ad Ydar leiti, áttu fyrstir gódan þátt þarí, mun því enn treyst, ad þad af sömu álfu njóti framvegis velvildar og adstodar. En sá styrkr, sem Íslendíngar geta helzt veitt því, og minst eru útlát í, en sjálfum þeim verdr þó fródleikr ad, og fèlagsins framkvæmd ad meiri, er á þann hátt, ad margir verdi til ad kaupa sögubækr þær, er þad útgefr, og leitist vid ad útbreida þær manna á milli, en þad er mjög komid undir medverkun og fulltíngi framkvæmdarsamra manna á ýmsum stödum og þó hvervetna.

Vèr leitum nú til Ydar í þessu efni, undireins og vèr sendum Ydr hèrmed tilbodssedil ad kaupi þeirra 2ggja söguflokka, sem fèlagid mun framvegis útgefa, og bidjum vèr Ydr, ad þèr í nánd vid Ydr medal kunníngja Ydar og vina af ýtrasta megni vildud hvetja þá, sem kost eiga á ad kaupa sögurnar, partil, og eiga þannig gódan hlut í utgáfu rita þeirra, sem med sanni má segja, ad um lidnar aldir hafa vidhaldid mentun ennar íslenzku þjódar, og verid henni til frama. Eins og þèr fáid þau ómakslaun, sem venjulig eru, mun Fèlagid álíta þad skyldu sína og heidr, ad láta ásjá, ad þad vidrkennir þá medverkun og adstod, sem þessu máli má til frama verda.

Stjórn ens Norræna Fornfræda Fèlags í Kaupmannahöfn dag 8da Aprílis 1828.

[illegible]
H. H. Konúngsins Divisíónsadjútant, Majór, Riddari af Danabrógi og Danabrógsmadr, Kommandör af St. Önnu ordunni, Riddari af Bath-Heidrsfylkíngar og Sverds-ordunum &c., *Fèlagsins Forseti.*

F. Magnusson
Prófessor, Medlimr ennar Konúngl. Arnamagneönsku Nefndar og Konúngl. Nefndarinnar til forngripa vardveizlu, Medhjálpari vid Konúngl. Leyndarskjala safnid &c., *Fèlagsins Aukaforseti.*

Rafn
Dr. Philosophiæ. Prófessor, *Fèlagsins Ritari og Medlimr Fornritanefndarinnar.*

[illegible]
Kancellírád, *Fèlagsins Gjaldkeri.*

Th. Gudmundsen Helgason
Fornritanefndarinnar Medlimr.